

Erindi Hrafnhildar Þórisdóttur dags. 10 mars 2022 um strætósamgöngur og frístundarútu í hverfinu.

Góðan dag kæra íbúaaráð Grafarvogs

Nú leita ég til ykkar eftir að hafa átt samtál við borgarfulltrúa, forsvarsmenn Strætó og framkvæmdarstjóra Fjölnis í von um að þið hafið tök á að beita ykkur í eftirfarandi málum. Þið eruð mitt síðasta hálmstrá.

Þannig er að nú hefur Strætó lokað á allar samgöngur um Melaveg í Grafarvogi, sem setja m.a tómstundaiðkun margra barna í Borgarhverfi í uppnám. Um þennan veg fóru 3 leiðir. Nú fer enginn strætó.

Þetta gefur börnum í Borgarhverfinu ekki sömu tækifæri að samgöngum og til að sækja íþróttaiðkun og öðrum börnum í hverfinu eftir skóla.

Leiðirnar sem um ræðir eru 6,7 og 18, en þær voru þurrkaðar út af Melaveginum allar sem ein. sjá mynd



Eftir breytingu:



Í okkar góða Borgarhverfi eru börn á aldrinum 6 - 16 ára að sækja tólmstundir, íþróttir og aðra viðburði innan hverfisins. Svo ekki sé talað um eldri einstaklinga sem hafa nýtt sér þjónustu Strætó.

Annað mál mér er hugleikið og varðar frístundarútu sem rekin væri af íþróttafélaginu Fjölni. Nú eftir að hafa viðað að mér upplýsingum og rætt við lykilmenn þá snýst þetta um fjármagn frá Borginni. Það er mikilvægt að skoða stærð hverfisins, fjölda iðkenda og hagkvæmnina þegar fjármagni til þessara mála er úthlutað milli hverfa.

Í Grafarvogi eru yfir 20 þús manns, 8 grunnskólar og um 5000 börn sem sækja æfingar í Egilshöll og Dalhús á degi hverjum. Rekstur á Fjölnisrútu undir alla þessa starfsemi, sem og yfir í Grafarholt og Árbæ mundi auðvelda lífið á mörgum heimilum og tryggja að sem flest börn stunduðu hreyfingu eða tónlistarnám. Umferðaröngþveitið um hverfið mundi stórlega batna með Fjölnisrútu svo ekki sé minnst á öryggið.

Ég hef mikin áhuga á samvinnu milli íþróttafélaga og skóla og er sannfærð um að samtal milli þessara aðila mundi gera Grafarvog að besta barnahverfinu í bænum. Hvernig má það vera að sum íþróttafélög eru með rútur en ekki Fjölnir með svo marga iðkendum ?

Spurningin er þessi, við hvern er best að tala ? Hvernig er hægt að tryggja almenningi í Borgarhverfi Grafarvogs strætósamgöngur í göngufjarlægð ?

Mundi rúta á vegum Fjölnis greiða úr hluta þessa vanda þó ekki væri nema yfir vetrartímann ?

Þetta er líklega ekki í fyrsta skipti sem þið fáið fyrirspurnir um þessi mál og langar mig aðallega að vita hvort hér sé einhver möguleiki á róttækum breytingum á stuttum tíma ?

Kveðja Hrafnhildur

